



“Við förum bara upp á þak. Þetta er frábært því enginn veit hvaðan vatnsblöðrurnar koma. Það er mjög dimmt og maður getur auðveldlega falið sig. Ég á virkilega skemmtilegar vídeómyndir af vinum mínum í bangsabúningunum mínum, sem ég átti. Þeir æddu bara út um alla biðröðina í búningunum og voru að stríða fólkinu.”

Aphex Twin

texti: Heiko Hoffman (Groove Magazine) - myndir: Wolfgang Tillmans - þýðing: Ísar L. Arnarsson

- Hardcore acid sýra og fullt píanó af skrúfum og drasli?

ÞAÐ ÆTTI nú ekki að þurfa að kynna Aphex Twin fyrir ykkur, en þó er þetta í fyrsta skipti í fimm ár sem við náum viðtali við geðsjúklinginn. Hann hefur samið tónlist sem þræðir allan skalann, milli látlausrar ambient tónlistar yfir í sturlað og ofvirkt súper elektrópopp eins og “Windowlicker”. Allir vilja vinna með honum. Björk og Madonna hringja reglulega í hann. Hann kann ekki að meta það hvernig Radiohead vitna í tónlist hans. Hann og vinir hans djamma með Kylie Minouge og einn þeirra heldur að hann eigi séns í hana. Richard gerir upp samstarf sitt við Warp. Hann hendir vatnsblöðrum í fólk á götunni, býr í banka og keyrir um á skriðdreka. Er þetta ekki maður sem ætti að mæta oftari í viðtöl?

Þú býrð ennþá í bankanum, ekki satt?

Jú, ég bý í virkilega góðu hverfi. Mér líkar það vel. Það er ekki beint í tísku að búa hérna, og það er ástæða þess að mér fannst flott að flytja hingað. Það er ekkert ungt fólk að finna hérna, enginn þekkir mig hér. Ég hugsa að á síðustu tveimur árum hafi tvær persónur þekkt mig hérna. Í austurendanum, þar sem kærasta mín býr er mjög “trendí” að búa núna. Fólk var bara að koma að húsinu allan tímann og vilja koma í heimsókn af því það var svo kúl að vera í þessu hverfi. En þar sem ég bý, vill enginn koma í heimsókn.

Ég hef heyrt að einn nágranni þinn sé skemmtistaðurinn Ministry Of Sound?

Já, og ef röðin inn á staðinn er nógu löng þá nær hún að húsinu mínu. Stundum finnst mér gaman að henda vatnsblöðrum á fólk sem stendur þar með vinum mínum. Ég geri það reglulega, þótt svo að ég hafi ekki gert það í þrjú mánuði. Við förum bara upp á þak. Þetta er frábært því enginn veit hvaðan vatnsblöðrurnar koma. Það er mjög dimmt og maður getur auðveldlega falið sig. Ég á virkilega skemmtilegar vídeómyndir af vinum mínum í bangsabúningunum mínum, sem ég átti. Þeir æddu bara út um alla biðröðina í búningunum og voru að stríða fólkinu. Það var vinur minn, Damon, frá Replex, sem tók vídeómyndirnar. Hann er búinn að vera með vélina á lofti síðastliðin 4-5 ár og tekur upp hvað sem er. Hann er ekki mjög góður kvikmyndasmíður. Hann tekur aldrei upp virkilega góðu stundirnar. En vegna þess að hann er alltaf að taka myndir, þá hefur hann bara fyrir slysi tekið upp fullt af góðu efni. Hann er með brjáláð safn af upptökum af Replex listamönnum og uppákómum og ég er alltaf að segja við hann að hann eigi að búa til vídeó. Hann á svona 150 spólar og það myndi taka þrjú ár að fara í gegnum allt efnið.

Þú spilaðir nýlega í partí í Victoria & Albert safninu. Settið þitt hljómaði eins og sögukennsla í breakbeat síðustu 10 ára. Allt frá happy-hardcore til drum&bass og svo yfir í þinn eigin stíl.

Ég vildi virkilega spila “trashy” rave tónlist, af því að ég var að spila á safni. Hið augljósa hefði verið að spila eitthvað með “klassísku” ívafi en mér fannst að það myndi verða skemmtilegra að spila eitthvað tryllt.

Spilar þú mismunandi sett eftir því hvar þú spilar?

Ég hef verið að spila mörg mismunandi sett. Ég hef þó ekki spilað ambient eða “weird” sett lengi. Ég geri mest allt á ferðatölvuna mína, það er allt hægt á hana. Ofast er þetta bræðingur af dj-setti og mínum eigin lögum. En það veit enginn að ég er að spila “live” því að ég tek það aldrei sérstaklega fram. Ég hef gert þetta svona í eitt og hálf títal

núna. Ástæðan fyrir þessu er sú að ef ég segi að ég sé að spila “live”, þá standa bara allir og stara á mig, en ef ég segist vera að dj-a þá dansa allir og eru með á nótnum.

Á síðasta ári hljómaði tónlist þín við myndband eftir Chris Cunningham í Royal Academy í London. Svo spilaðir þú á safninu V&A og einnig á Stockhausen hátíðinni. Finnst þér gaman að spila á svona virðulegum stöðum og tónleikum?

Það er ekki meðvituð ákvörðun að spila á þessum stöðum. Ég myndi frekar vilja spila á skuggalegum klúbbum hvenær sem er. Ég spilaði á Stockhausen vegna þess að mér datt í hug að þetta yrði líklegast síðustu tónleikar hans, og í raun vantaði mig bara miða á tónleikana. Hann hefur spilað nokkrum sinnum nýlega, en þá bara nýtt efni, og mér líkar ekkert sérstaklega við það. Lögin sjálf eru merkileg sem “concept” er mér líkar ekki við tónlistina. Þau eru líklega of framtíðarleg fyrir mig, eða eitthvað (*hann hlær með sér.*) En í þarna var hann að spila þrjú af sínum fyrstu verkum. Sumir tónlistarmenn sem hafa verið “underground” allt sitt líf spila bara í konserthöllum eða The South Bank Show og svoleiðis. Mér finnst það vera rangt.

Þú ert einnig þekktur fyrir að spila heima í stofu hjá fólki!

Já, ég hef spilað í heimahúsum. Í síðasta mánuði fékk ég e-mail frá einhverjum strák sem sagði “Amma mín dó nýlega og ég erfði fullt af peningum”. Okkur fannst það kúl og förum þangað með massíva tónleikarútu. Þetta eru akkúrat uppáhalds gígginn mín, samblanda af vinum mínum og einhverju fólki af götunni. Ég spila líka bráðlega í brúðkaupi og einnig var stúlka sem bað mig um að spila í útskriftarpartíinu hennar í listasögu. Svo lengi sem þessi gígg eru í London og ég hef tíma fyrir þau, þá nenni ég þeim.

Hvaða merkingu hefur Warp útgáfan fyrir þig þessa dagana?

(hann hlær) Ekki mikla! Munurinn á þeim og öðrum útgáfufyrirtækjum er alltaf að minnka og minnka, sem er ástæða þess að ég mun ekki gefa út meira hjá Warp. Einn singull í viðbót, ég efast þó um það. Ég þarf alltaf að vera stoppa þá af. Ég bjó til kynningardisk fyrir þá vegna DrukQs,